

## Svar

### umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um skerðanlega orku.

1. *Hversu mikil raforka hefur verið sold sem skerðanleg orka hvert undanfarinna fimm ára? Svarið óskast greint eftir orkufyrirtækjum og atvinnugrein kaupenda.*

Í meðfylgjandi töflu gefur að líta yfirlit yfir raforku sem sold hefur verið sem skerðanleg orka undanfarin fimm ár. Upplýsingarnar byggjast á gögnum sem aflað var frá orkufyrirtækjum. Tölur um orkusölu fjarvarmaveitna og fiskimjölsverksmiðja koma fram bæði hjá Landsvirkjun sem heildsala raforku og hjá öðrum orkufyrirtækjum sem söluaðila raforku. Allar tölur eru í GWst.

	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals
<strong>Landsvirkjun</strong>						
Álver	901	850	466	462	398	3077
Kísilver og annað	73	86	36	56	93	344
Bræðslur og fiskþurrkun (heildsala)	195	239	150	180	178	942
Fjarvarmaveitur (heildsala)	219	240	174	170	149	952
Samtals	1388	1415	826	868	818	5315
<strong>Orka Náttúrunnar</strong>						
Fiskimjölsverksmiðjur	108	128	54	54	53	397
Áliðnaður	198	172	157	142	145	814
Lifrarbraeðsla	9	1,5				10,5
Efnaiðnaður	25	25	29	29	31	139
Samtals	340	326,5	240	225	229	1360,5
<strong>Orkusalan</strong>						
Fiskfrysting	0,4	0,5	0,2	5	6	12
Fjarvarmaveitur	43	45	46	47	19	200
Saltfisk- og skreiðarframl.	15	15	16	16	13	74
Skólar	1	0,9	0,9	0,8	0,6	4
Sundlaugar og íþróttahús	2	2	2	2	3	12
Samtals	61,4	63,4	65,1	70,8	41,6	302
<strong>Orkubú Vestfjarða</strong>						
Fjarvarmaveitur	83	84	84	85	83	419
Skólar og íþróttahús	4	3	3	3	3	16
Samtals	87	87	87	88	86	435
<strong>HS Orka</strong>						
Fiskimjölsbraeðslur	80	80	16	12	22	210
Fjarvarmaveitur	62	78	29	53	52	274
Álver	63	63	66	66	62	320
Samtals	205	221	111	131	136	804

	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals
<b>ÍOM/N1 rafmagn</b>						
Fiskimjölsbræðslur	0	10	78	75	67	230
Samtals	0	10	78	75	67	230
Samtals (án heildsölu)	1667,4	1643,9	1083,1	1107,8	1050,6	6552,5

2. *Hversu mikil raforka hefur verið seld til gagnavera hvert undanfarinna fimm ára? Svar-ið óskast greint eftir orkufyrirtækjum, því hvort um forgangsorku eða skerðanlega orku var að ræða og hversu stór hluti orkunnar var nýttur til vinnslu rafmynta.*

Í eftirfarandi töflu sést sala orkufyrirtækja til gagnavera undanfarin fimm ár. Upplýsingarnar byggjast á gögnum sem aflað var frá orkusölufyrirtækjunum. Allar tölur eru í GWst.

	2017	2018	2019	2020	2021	Samtals
<b>Landsvirkjun</b>	146	352	511	449	739	2197
<b>Orka Náttúrunnar</b>	6	16	169	135	52	378
<b>HS Orka</b>	162	418	330	251	179	1340
Samtals	314	786	1010	835	970	3915

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve stór hluti raforkusölu er nýttur til vinnslu rafmynta.